

# Bræðratunguvegur

Mat á umhverfisáhrifum

Guðmundur H. Jónsson



3

# Bræðratunguvegur

Mat á umhverfisáhrifum

Guðmundur H. Jónsson



Ljósmynd á forsíðu: Bæjarhóllinn á Ísabakka.

© Þjóðminjasafn Íslands / Guðmundur H. Jónsson.  
Öll réttindi áskilin.

ISSN 1560-8050

Prentun/umbrot: Gutenberg - Hraðlestin

# Efnisyfirlit

Inngangur .....	5
Varðveisla fornminja .....	5
Mat á umhverfisáhrifum .....	7
Vettvangsrannsókn .....	7
SKRÁÐAR MINJAR:	
Högnastaðir .....	9
1. Fjárhús .....	9
Bræðratunga .....	10
2. Flosatraðir .....	10
Sel .....	10
3. Bæjarhóll við Ísabakka .....	10
Niðurstöður og umsögn .....	11
Heimildir .....	11



# Bræðratunguvegur

## Mat á umhverfisáhrifum - fornleifar

### Inngangur

Vegna undirbúnings á umhverfismatsskyldum framkvæmdum í sambandi við lagningu Bræðratunguvegar um Hvítá, frá Hrunamannavegi að Biskupstungnabraut var þess óskað af Vegagerðinni á Selfossi að Þjóðminjasafn Íslands tæki að sér umhverfismat með tilliti til fornleifa. Skýrsluhöfundur ásamt aðstoðarmanni fóru í vettvangsferð og könnuðu vegstæðið dagana 8. til 9. maí 2000.

### Varðveisla fornminja

Tilgangur þjóðminjalaganna er að tryggja sem best varðveislu menningarsögulegra minja þjóðarinnar, þar á meðal fornleifa. Í 16. gr. laganna er eftirfarandi skilgreining á fornleifum:

#### 16. gr.

Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- gamli vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;

- virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- gamli þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- skipsflök eða hlutar úr þeim.

Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 18. gr.


Þjóðminjalögin leggja landeigendum, ábúendum og framkvæmdaaðilum nokkrar skyldur á herðar til verndar fornleifum og er þeirra getið í 19. – 21. gr. laganna.

#### 19. gr.


Skylt er landeiganda og ábúanda að gera Þjóðminjasafni Íslands viðvart ef fornleifar liggja undir spjöllum af völdum náttúrunnar eða þeim er spillt af manna völdum. Þjóðminjasafn ákveður þá hvaða ráðstafanir skuli gerðar til verndar fornleifum.

#### 20. gr.

Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Þjóðminjasafni Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fenginn er úrskurður



Mynd 1. Skráðar minjar við veglinur Bræðratunguvegs: 1 Fjárhús; 2 Flosatraðir; 3 Bæjarhóll Ísabakka.



Mynd 2. Uppdráttur af fjárhúsi í landi Högnastaða (minjastaður 1).

fornleifanefndar um hvort verkið megi fram halda og með hvaða skilmálum.

### 21. gr.

Nú telur landeigandi, ábúandi eða einhver annar, þar á meðal sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, svo sem vegagerð, að hann þurfi að gera jarðrask er haggar við fornleifum og skal hann þá skýra Þjóðminjasafni Íslands frá því áður en hafist er handa um verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmd mundi leiða. Þjóðminjasafn ákveður hvort og hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum. Við allar meiri háttar framkvæmdir, svo sem vegagerð, virkjanaframkvæmdir, flugvallargerð og veitulagnir, skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknnum.

Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um efni þessarar greinar.

### Mat á umhverfisáhrifum

Við mat á umhverfisáhrifum skal fornleifafræðingur fara um svæðið og kanna hvort nokkrar minjar af þeim toga sem tilgreindar eru í þjóðminjalögum séu í hættu vegna fram-

kvæmda. Hann skráir allar minjar og sögustaði, sem þar kunnar að vera sýnilegar, eða heimildir geta um. Fornleifafræðingur skilar viðkomandi aðilum skýrslu um minjarnar og sjónarmið minjavörslunnar eins fljótt og við verður komið. Í niðurstöðum skýrslunnar er lagt mat á minjar sem kunna að finnast og umsögn gefin um áhrif framkvæmda á þær.

### Vettvangsrannsókn

Vegurinn sem hér um ræðir er Bræðratunguvegur nr. 359 yfir Hvítá ofan Hvítárhólts (sjá mynd 1). Vegurinn byrjar við Hrunamannaveg við Flúðir og liggur yfir Hvítá, tengist núverandi Bræðratunguvegi ofan Galtalækjar og endar við Biskupstungnabraut. Heildarlengd vegarins er 8,4 km. Veglínun liggur að mestu yfir ræktuð tún og gróið land. Stendur til að sækja efni í Vörðuás í landi Högnastaða, úr eyrum vestan Hvítár í landi Bræðratungu, úr gamalli námu í landi Ásakots og uppi eru hugmyndir um að sækja efni til Ísabakka.

Stuðst var við yfirlitskort og uppdrætti af veglínunni frá Vegagerðinni. Vegagerðin lagði út veglínuna með merktum staurum með reglulegu millibili og var sú leið könnuð dagana 8. til 9.






Mynd 3. Horft til suðurs yfir fjárhúsið (minjastaður 1).

maí 2000. Skýrsluhöfundur og aðstoðarmaður gengu veglínuna og skoðuðu svæði um 20 m út frá merktri veglínunni. Við vettvangsrannsóknina voru skráðir 3 minjastaðir. Þeir eru í nánunda við framkvæmdasvæði og gætu þeir allir

hugsanlega orðið fyrir raski vegna framkvæmda. Minjarnar voru númeraðar í hlaupandi númeraröð. Allar þessar minjar voru ljósmyndaðar og teiknaðar.



Mynd 4. Uppdráttur af bæjarhólnum á Ísabakka.

## Skráðar minjar

### Högnastaðir

Í landi Högnastaða var skráður einn minjastaður á vettvangi.

#### 1: Fjánhús

**Tegund minja:** Fjánhús

**Fjöldi:** 1

**Landareign:** Högnastaðir

**Legi:** Tóftin liggur sunnan við Vörðuás vestan við stöð 1500 í um 58,5 metra fjarlægð frá henni.

**GPS:** N 64°08'59,48"  
W 20°20'52,96"

**Staðhættir:** Þýðir mór og beitiland.

**Lýsing:** Tóftin er ferhyrningslaga og er norðurendi hennar ávalur (sjá mynd 2 og 3). Inngangur er sunnan megin. Tóftin er mjög greinileg og augljóst að ekki er langt síðan hún féll úr notkun. Jón Hermannsson, bóndi á Högnastöðum sagði að tóftin hefði verið fjánhús og síðast notað um 1930. Tóftin er um 20 m á lengd og um 9 m á breidd. Innanmál hennar er um 13 x 4 m. Veggirnir eru hlaðnir úr hraungrýti og hafa varðveist í um 1,2 m hæð þar sem mest stendur. Ekki sást neitt greinilegt torf en veggirnir eru talsvert grónir. Hlaðinn veggur um 40 cm hár liggur eftir endilangri tóftinni milli útveggjanna, sennilega leifar af garða. Garðinn endar 7 m

frá norðurenda tóftarinnar þar sem útveggir eru mjög ógreinilegir og aflíðandi.

**Hlutverk:** Fjárhús

**Hættumat:** Tóftin liggur á svæði þar sem veglínan sker Vörðuás. Mikið jarðrask verður á þessu svæði þar sem ætlað er hafa grjótnám. Því er mögulegt að þessar minjar verði fyrir raski við framkvæmdir.

### Bræðratunga

Í landi Bræðratungu var skráður einn minjastaður á vettvangi.

### 2: Flosatraðir

**Tegund minja:** Gata

**Fjöldi:** 1

**Landareign:** Bræðratunga

**Legi:** Samkvæmt heimildum (Örnefnastofnun 1975) liggja Flosatraðir frá Hvítá að Bræðratungu yfir Stekkholt. Traðirnar eru ekki sjáanlegar í túninu sunnan við Bræðratungubæinn en þó sjást einhvers konar merki í holti austan við bæinn (Stekkholt). Staðkunnugir segja að traðirnar séu stundum sýnilegar undir ákveðnum veðurskilyrðum og samkvæmt lýsingum ættu traðirnar að skera veglínuna við stöð 3500. Þó sjást engin ummerki á þessum stað.

**GPS:** - ekki mælt

**Staðhættir:** Tún sunnan við Bræðratungubæinn.

**Lýsing:** Engar sýnilegar minjar. Einungis heimildir.

**Hlutverk:** Gata

**Hættumat:** Ef heimildir eru réttar þá ætti veglínan að skera traðirnar við stöð 3500. Parna gætu minjar komið í ljós við jarðrask.

### Sel

Í landi Sels var skráður einn minjastaður við vettvangsferð.

### 3: Bæjarhóll við Ísabakka

**Tegund minja:** Bæjarhóll

**Fjöldi:** 1

**Landareign:** Sel

**Legi:** Hóllinn liggur sunnan við Hvítá vestan við stöð 2350.

**GPS:** N 64°09'08.17" V 20°21'53.89" 1 (á mynd 4):

N 64°09'07.49" V 20°21'56.17" 2 (á mynd 5):

**Staðhættir:** Tún.

**Lýsing:** Afgirtur bæjarhóll í túni austan við bæinn Sel (mynd 4 og 5). Hóllinn er greinilegur í landslaginu þar sem hann stendur upp úr túninu. Hann er um 35 m á lengd (vestur-austur) og um 20 m á breidd (norður-suður). Hóllinn er mjög gróinn og sést nánast hvergi í veggheðslur. Þó sést móta fyrir húsum. Í norðausturhorni hólsins gætu verið leifar af garði (E og F á mynd 4). Mælingapunktur frá Vegagerð Ríkisins er í rústinni (VR 17/32111).

**Hlutverk:** Bæjarhóll

**Hættumat:** Ef efnisnám á að fara fram á Ísabakka er ljóst að bæjarhóllinn verður fyrir raski.

### Niðurstöður og umsögn

Við vettvangsathugun voru skráðir þrír minjastaðir. Þeir eru í landi Högnastaða, Bræðratungu og Sels. Ekki er vitað um aldur þessara minja en þó má telja að þær séu allar eldri en 100 ára. Ísabakki er talinn hafa verið allgóð jörð á 17. öld. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1709) er jarðardýrleiki Ísabakka óviss. Þá hefur Hvítá þó verið að spilla jörðinni og landskuld verið færð niður, enda fór svo að Ísabakki fór í eyði um 1875 og lagðist undir Hvítárholt. Hvítárholt hafði áður verið hjáleiga frá Ísabakka.

Allar ofangreindar minjar eru í hættu vegna fyrirhugaðra vegframkvæmda. Fjárhústöftin í landi Högnastaða hefur minnsta minjagildið þar sem slíkar minjar eru mjög algengar um land allt. Þó verður að taka fram að þessi tóft er vel varðveitt og því ástæða til að varðveita hana. Flosatraðir í landi Bræðratungu eru merkar minjar. Götur hafa lítið verið rannsakaðar á

Íslandi og því brýn nauðsyn að varðveita þau dæmi sem við þekkjum. Bæjarhóllinn á Ísabakka er án vafa merkur minjastaður. Bæjarhóllinn hefur varðveist mjög vel og ekki sést að neitt rask hafi orðið á þessum stað. Minjagildi staðarins verður því að teljast mjög mikið. Skýrsluhöfundur leggur til að eftirlit verði haft með framkvæmdum í túni Bræðratungu við stöð 3500. Einnig er líklegt að tóftin í landi Högnastaða lendi í útjaðri námu og því hægt að varðveita þessar minjar með því að hnika til staðsetningu námunnar. Bæjarhóllinn á Ísabakka verður að varðveita sem gott dæmi um íslenskan bæjarhól og ekki má raska honum nema að undangenginni rannsókn.

### Heimildir

Haraldur Finnsson 1975. *Örnefnastofnun*.

Þór Magnússon 1972. *Sögualdarbyggð í Hvítárholti. Árbók hins íslenska fornleifafélags*.

# Rannsóknaskýrslur 2000

1 Minnimerki við Nesstofu á Seltjarnarnesi.  
Guðmundur Ólafsson.

2 Indriðastaðir, Skorradalshreppi.  
Fornleifaskráning vegna deiliskipulags.  
Magnús A. Sigurðsson.

3 Bræðratunguvegur. Mat á umhverfisáhrifum.  
Guðmundur Ólafsson.



ÞJÓÐMINJASAFN  
ÍSLANDS